

1868.
24. nóvbr.

að vera mæld upp aptur í Danmörk eða hjálendunum, en að farið skuli eptir rúmmáli því í tons, sem stendur í tødum skýrteinum.

Jafnframt því að þetta er tilkynnt yður, eruð þér beðnir um að birta það öllum, sem í hlut eiga, og taka um leið fram við þá, að þegar tons-rúmmálinu, sem stendur í brezku skrásetningarskýrteinunum, er breytt í kaupskipalestir, skal telja tvo tons jafna einni lest, og þar sem brot koma fyrir, skal farið með þau, eins og nú segir:

- 1) Þegar búið er að skipta tons-rúmmálinu með 2, og lesta-rúmmálið verður ekki meira en 10,00 lestir, skal öllum hundradabrotum, sem eru minni en 0,13, sleppt; frá 0,13 til 0,37, að báðum meðtöldum, skal talið $\frac{1}{4}$ úr lest; frá 0,38 til 0,62, að báðum meðtöldum, talið $\frac{1}{2}$ lest; frá 0,63 til 0,87 $\frac{3}{4}$ úr lest og 0,88 og þaðan af meira heil lest.
- 2) Þegar rúmmálið aptur á móti verður meira en 10,00 lestir, skal sleppa öllum hundradabrotum, sem eru minni en 0,46; frá 0,26 til 0,75 skal talið hálf lest og 0,76 og þaðan af meira heil lest.

12. desbr. **63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um eignarrétt til vogreks.**

Í bréfi 2. septembermán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar á því, hvort andvirðið fyrir tvær tunnur með steinolíu í, sem rekið hafa, önnur á Álphóla fjöru í Rangárvallasýslu og hin á Loptstaða fjöru í Árnessýslu, eigi að renna í ríkissjóðinn, eða fjörueigendur eigi það með því skilyrði, að þeir taki uppá sig alla ábyrgð, ef eigendurnir kynnu að koma með nokkra kröfu útaf þessu.

Nú er skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér

kunngjörð það, að vèr fáum ekki betur sæð, en að vogrek þessi eigi undir ákvarðanirnar í opnu bréfi 4. maímán. 1778 1. gr., og að ríkissjóðurinn því eigi heimting á andvirðinu, ef að enginn eigandi gefur sig fram, en af því hèr er um slíkt lítilræði að gjöra, lætur stjórnarráðið eptir, að lóðareigendurnir fái andvirðið með því skilyrði, að þeir taki uppá sig alla þá ábyrgð, sem annars kynni að lenda á ríkissjóðnum, ef eigendurnir kæmu fram með nokkrar kröfur í þessu efni.

1868.
12. desbr.

64. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að stjórn á fjármunum læknasjóðsins íslenzka skuli eptirleidis fengin í hendur stiptsyfirvöldunum á Íslandi. 31. desbr.

(Með konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848, birtum með opnu bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. s. m., var allra-mildilegast ákvarðað, að þeir fjórir spítalar handa holdsveikum í mönnum á Íslandi: Kaldadarnes spítali og Hörgslands spítali í suðurumdæminu, Hallbjarnareyrar spítali í vesturumdæminu og Möðrufells spítali í norður- og austurumdæminu, sem stofnaðir voru með konungsbréfi 10. maímán. 1651 og reglugjörð 27. maímán. 1746, skyldu ekki lengur vera sjúkrahús handa holdsveikum mönnum, heldur skyldi stofna sjóð úr jörðum þeirra, tekjum og fè því, er heim hafði safnast; skyldi sjóður sá ætlaður til að betra læknaskipunina á Íslandi, en þó skyldi framvegis fyrst um sinn hafa eignir hvers spítala sérilagi á sama hátt og að undanfögnu. Með konungsbréfi 12. maímán. 1652 var yfirstjórn spítalanna fengin í hendur biskupinum og lögmanninginum í hverju stipti um sig, en nú, er lögmanns embættin eru af numin með tilskipun 11. júlímán. 1800, og Hóla biskupsstóll er lagður niður með konungsbréfi 2. októbermán. 1801, hefir biskupinn yfir Íslandi og amtmaðurinn í því amti, sem spítalinn er hver um sig, stjórn þeirra á hendi. En með því að seinna þráfaldlega hófst úgreiningur um reikningsgjörð fyrir tekjum spítalanna, og um það, hvernig ætti að skipta niður á þá kostnaðinum til læknakennslunnar hjá landlækninum m. fl., hlutaðist stjórnarráðið til um, að nefnd sú, sem sett var í Reykjavík árið 1864 til þess að ræða sumpart um breytingu á ákvörðunum um innheimtu spítalatekjanna, og um hvernig þeim skyldi varid í peninga, sumpart um nýjar tekjugreinir handa spítölunum, tók einnig það atriði til íhugunar, hvort ekki væri ástæða til að gjöra þá breyting á yfirstjórn læknasjóðsins, að hún væri fengin stiptsyfirvöldunum í hendur um allt land.